

Erindisbrjef

fyrir vigtarmenn.

1. gr.

93 Vigtarmaður er nefndur fyrir tiltekið kauptún eða kaupstað, og er hann skyldur að vera jafnan til taks í sínu umdæmi, og má ekki vera burtu þaðan meira en sólarhring í mánuði án leyfis lögreglustjóra þar eða umboðsmanns hans.

2. gr.

Nú er löggiltur vigtarmaður í þjónustu þess manns, er vigta skal fyrir, og má þá vigtarmaður sá eigi framkvæma vigtunina eða gefa vigtarvottorðið.

3. gr.

Nú vill einhver fá vottorð vigtarmanns um þyngd, og skal hann þá snúa sjer til lögreglustjóra eða umboðsmanns hans og ákveður lögreglustjóri eða umboðsmaður hans, hver vigtarmaður skuli vera við vigtunina. Þar sem ekki er nema einn vigtarmaður, getur viðkomandi, sem vigtunarvottorð þarf, snúið sjer beint til vigtarmannsins sjálfs.

4. gr.

Nú er vigtarmaður kvaddur til að vera við vigtina, og skal hann þá tafarlaust fara þangað, innan umdæmis síns, þar er vigtun sú fer fram, er hann á að gefa vottorð um, og vera stöðugt við meðan vigtunin fer fram. Má hann því ekki gefa vottorðið, nema hann horfi sjálfur á vigtunina alla, og sjái að hún sje rjett, enda sannprófi, að vogir þær, er notaðar eru, sjeu jafnan rjettar.

5. gr.

Vigtarmaður skal jafnan gefa vottorð um vigtunina, og skal hann rita nafn sitt undir vottorðið með eiginni hendi og stimpla við með stimpli þeim, er honum verður fenginn til þess af lögreglustjóra. Í vottorðinu skal tekið fram, hvort það sem vegið er, er vegið með umbúðum (brúttó) eða án umbúða (nettó).

6. gr.

Vottorð vigtarmanns er full sönnun um þyngd þess, er vegið er.

7. gr.

Þóknun fyrir starfa sinn fær vigtarmaður eftir ákvæði lögreglustjóra, þó ekki minna en 75 aura fyrir hverja klukkustund, sem vigtarmaður er við vigtunina. Hluti úr klukkustund telst heil klukkustund.

Þóknun þessa greiðir sá, er vigtarmanninn notar.

Vottorðið um vigtunina skal vigtarmaður láta í tje ókeypis.

8. gr.

93

27. maí

Vigtarmaður skal nákvæmlega hegða sjer eftir erindisbrjefi þessu, og vandlega rækja skyldur þær, er staða hans leggur honum á herðar.

Hann skrifar undir eiðspjall um það, að hann skuli með alúð og samviskusemi rækja skyldur þær, sem á honum hvíla, og hlýðnast ákvæðum þessa erindisbrjefs.

Hann er skyldur til að sætta sig við breytingar þær, er kunna að verða gerðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 27. maí 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

94

24. júní

um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins.

Samkvæmt heimild í 1. gr. bráðabirgðalaga 24. maí þ. á., um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

1. gr.

Bannað er að flytja út frá Íslandi hverskonar farm eða farmhluta, í öðrum skipum en þeim, er í ferð sinni til ákvörðunarstaðarins koma við í breskri höfn. Þetta gildir þó eigi um skip, er hjeðan fara beint til Ameríku með farm eða farmhluta, ef ræðismaður Breta hjer veitir samþykki sitt til þess.

2. gr.

Áður en skipa megí farmi þeim eða farmhluta, er í 1. gr. segir, út í skip hjeðan til útlanda, skal skipstjóri undirrita og afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans skuldbindingu um viðkomu í breskri höfn, svo sem í 1. gr. að ofan er fyrir mælt,